

52 þess að hljóta verðlaun úr sjóðnum fyrir úrlausn sína, skulu þeir senda háskólaráði  
24. marz tillögu sína um verðlaun honum til handa og veitir háskólaráð þá verðlaunin samkvæmt tillögu þeirra.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

53 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigurðar  
24. marz Ólafssonar og Sesselju Ólafsdóttur í Hábae í Rangárvallasýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Ólafssonar og Sesselju Ólafsdóttur  
í Hábae í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag nokkurra gesta við gullbrúðkaup þeirra 27. júní 1946 og er að upphæð 2400 — tvö þúsund og fjögur höndruð — krónur, sem ávaxtast á í Söfnunarsjóði Íslands.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn ásamt öðrum þeim tekjum, sem sjóðnum kunna að hlotnast, þar til sjóðurinn er orðinn að upphæð 30000 — þrjátíu þúsund — krónur. Þá skal verja þrem fjórðu hlutum vaxtanna samkvæmt 3. gr., en einn fjórði leggist við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn nemur 40000 — fjörutíu þúsund — krónum. Úr því má verja öllum vöxtum til styrkveitinga samkv. 3. gr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unga menn og konur í Djúpárhreppi, sem stunda vilja bóklegt og verklegt búnaðar- og húsmæðranám, þó gangi þeir að öllu jöfnu fyrir, sem stunda nám við slíkar skólastofnanir í Rangárvallasýslu. Styrkurinn veitist 1 pilti og 1 stúlku tvö ár í röð.

4. gr.

Verði hin ákveðna upphæð samkv. 2. gr. ekki greidd úr sjóðnum vegna þess að enginn sótti samkvæmt fyrirætlum 3. gr., má verja hinni áskildu fjárhæð ársins til styrktar fátækum fjölskyldum innan Djúpárhrepps, þeim er orðið hafa fyrir tilfinnanlegu heilsutjóni og þar af leiðandi kostnaði og atvinnumissi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og eru hreppstjóri og oddviti Djúpárhrepps sjálfkjörnir í hana; hinn þriðji skal tilnefndur af ofanefndum á þriggja ára fresti. Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllum tekjum hans, hverju nafni sem nefnast. Henni ber að ávaxta eignir sjóðsins á sem tryggastan hátt og ber hún ábyrgð á að ekkert af þeim glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót og leggur þá fram á næsta sýslunefndarfundum Rangárvallasýslu og hefur sýslunefnd úrskurðarvald um reikninga sjóðsins á sama hátt sem um hreppsreikninga sýslunnar.

## 6. gr.

53

Endurskoðendur ber hreppsnefnd Djúpárhrepps að kjósa til þriggja ára í senn. 24. marz  
Skulu þeir gæta þess vandlega að fyrir-mælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt og  
vanda um ef út af er brugðið.

## 7. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarnefndarinnar fyrir lok  
júlímánaðar ár hvert. Við úthlutun styrksins skal vandlega tekið tillit til ástæðna  
og hæfileika umsækjenda og gildir í öllu það sama um karl sem konu.

## 8. gr.

Sannist það, að styrkþegi verji styrknum í verulegum atriðum gagnstætt fyrir-  
mælum skipulagsskrár þessarar, missir sá eða sú rétt til styrksins framvegis.

## 9. gr.

Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur af því að engin umsókn hefur borizt,  
er það á valdi stjórnarinnar hvort hún á næsta ári veitir því meiri styrk sem upp-  
hæðinni nam eða jafnar því niður á fleiri ár.

## 10. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starf sitt.

Hábæ, 8. september 1946.

Sigurður Ólafsson. Sesselja Ólafsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Kirkjubæjar á Rang- 54  
árvöllum“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 24. marz  
1953.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Kirkjubæjar á Rangárvöllum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Kirkjubæjar.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Boga Thorarensen, af fé því, er vinir hans heiðruðu  
hann með við burtför hans úr Rangárvallahreppi vorið 1950.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10740 — tíu þúsund sjö hundruð og fjörutíu — krónur.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir.
- b. Gjafir og aðrar tekjur, er honum kunna að áskotnast.